


Reykjavík, 9. febrúar 2023

Varðar: Barónsstígur 24 – fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Emiliu Telese, dags. 20. nóvember 2022, um rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 24 við Barónsstíg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB11 Grettisgata.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, Njálsgötureitur, samþykkt 14. júní 2002.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 24 við Barónsstíg er tvíbýlishús, tvær hæðir og ris, byggt árið 1920 skv. fasteignaskrá. Íbúð á efri hæð fylgir bílskúr sem byggður var árið 1950 skv. fasteignaskrá. Óskað er álits skipulagsfulltrúa á umsókn fyrir rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II í íbúð á efri hæð á umræddri lóð, fnr. 200-8017.

Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin og byggingin staðsett á íbúðarsvæði við aðalgötu. Meðfram aðalgötum er heimil fjölbreyttari landnotkun, þó grunn skilgreining lóða sé íbúðarbyggð samkvæmt þéttbýlisupprætti. Hér er einkum um að ræða starfsemi sem fellur undir flokkana verslun og þjónusta (VP, að skemmtistöðum undanskýldum) og samfélagsþjónusta (S). Verslun og þjónusta á jarðhæðum getur verið heimil, svo og mögulega veitingastaðir í flokki I og II og gististaðir í flokki II-III. Rýmri heimildir um landnotkun gilda þó eingöngu um hús sem standa við viðkomandi aðalgötu og gildir þ.a.l. ekki um bakhús.

Í deiliskipulagi er ekki fjallað sérstaklega um gististarfsemi.

Niðurstaða

- Ekki yrðu gerðar skipulagslegar athugasemdir veitingu rekstrarleyfis fyrir gistingu í flokki II í íbúð á lóð nr. 24 við Barónsstíg, fnr. 200-8017, samræmist gildandi aðalskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri